

IV. KAFLI

Kostnaður og önnur ákvæði.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir einn allan kennslu- og rekstrarkostnað, er af kennaradeildunum leiðir.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara.

Nú eru fastir kennarar skólans færri en heimilt er samkv. 10. gr., og greiðir þá ríkissjóður stundakennslu, sem því nemur, að fullu.

Kostnaður við stundakennslu umfram það, sem fram er tekið í 3. mgr. þessarar greinar, svo og annar kostnaður við rekstur skólans, að frádregnum tekjum, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og borgarsjóðs.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin heimild í 7. gr. laga um iðnskóla nr. 45/1955, um listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistaskólans, svo og önnur ákvæði, er fara í bág við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 11. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 85. löggjafarþing, hefur lokið störfum.

Mun ég því slíta Alþingi í dag, miðvikudaginn 12. maí 1965.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.